

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK
b/t fjárlaganefndar



Reykjavík, 28. apríl 2017

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 402. mál, hvað varðar boðaðar breytingar á virðisaukaskatti

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) vísa til tölvupósts fjárlaganefndar Alþingis, dags. 10. apríl sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018–2022, 402. mál. SAF hafa kynnt sér efni fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar og vilja samtökin koma á framfæri við fjárlaganefnd eftirfarandi athugasemdum hvað varðar breytingar á virðisaukaskatti. Aðrar athugasemdir eru sendar samhliða í sérstakri umsögn.

Yfirlit umsagnarinnar

Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) gera skýlausa kröfu um að áformaðar breytingar á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu í fjármálaáætlun 2018-2022 verði að fullu dregnar til baka.

Gengisþróun síðustu missera hefur skert samkeppnishæfni greinarinnar verulega. Ferðamenn þurfa að borga 20-30% meira fyrir krónuna en fyrir ári. Afkoma ferðaþjónustunnar hefur versnað verulega þó ferðamönnum hafi fjölgað. Áætlað að afkoma greinarinnar hafi því versnað til muna á síðasta ári. Fyrirtækin taka á sig tap vegna samninga um fast verð í erlendum gjaldmiðlum. Gistinóttum hefur þegar fækkað og mikið um afbókanir gistingar og hópa á þessu ári og því næsta. Hærri virðisaukaskattur er sem olía á þennan eld.

Neikvæðu áhrifin verða mest á landsbyggðinni. Kostnaður ferðamanna hækkar um tugi prósentu vegna launahækkana, gengisþróunar og hærri virðisaukaskatts. Neyslumynstur ferðamannsins breytist. Færri ferðamenn fara út á land. Fótunum verður kippt undan rekstrarhæfi fyrirtækjanna. Atvinnu- og samfélagsuppbygging verður í hættu.

Ekkert samráð var haft við SAF við undirbúning áforma um þessa 20 milljarða króna skattheimtu, né upplýst að sú vinna stæði yfir. Þetta eru vinnubrögð sem samræmast ekki góðum stjórnsýsluháttum. Alls ekki í anda siðbótar í íslenskum stjórnámálum eins og stjórnarflokkarnir hafa boðað.

Ófullnægjandi með öllu sú greining sem liggur til grundvallar áhrifum hærri virðisaukaskatts á ferðaþjónustuna. Ekkert skoðað hver áhrifin verða á fyrirtækin, samkeppnishæfni, atvinnustig, fjárfestingu eða sveitarfélög.

Pversögn er í markmiðum fjármálaáætlunar um einföldun virðisaukaskattkerfisins. Uppgjör verður í raun flóknara en áður og áfram eru þrjú skattþrep. Áformin ganga gegn grunnildum um stöðugleika og stefnu ríkisstjórnarinnar um aukna arðsemi ferðaþjónustu og dreifingu ferðamanna um allt land. Strax er byrjað að ræða um ívilnanir og mótvægisáðgerðir, sem er ekki beint ávísun á einföldun.

Kemur niður á samkeppnishæfni ferðaþjónustunnar, sem verður með næst hæsta vsk í Evrópu ef áform ganga eftir. Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn telur mikilvægt að varðveita samkeppnishæfni og sjálfbærni greinarinnar. Skyndilegar og illa undirbúnar breytingar skapa óvissu, ómögulegt að gera framtíðaráætlanir.

Þetta er óheppileg aðferð til að fækka ferðamönnum. Aðrar aðgerðir eru áhrifaríkari og valda minni skaða. Þá skýtur það skökku við að á sama tíma eru stjórnvöld í markaðssamstarfi með atvinnulífinu um að fjölga ferðamönnum utan háannar allan ársins hring.

Ríkisvaldið hefur ekki staðið sig. Afar lítið af tekjum vegna ferðamanna hefur farið í innviði, uppbyggingu ferðamannastaða eða aðrar aðgerðir til að skapa sátt við umhverfið.

Skuggahagkerfið grefur undan fyrirtækjunum. Mjög hátt hlutfall óskráðrar íbúðagistingar, ekkert eftirlit eða eftirgangssemi. Óheft undirboð erlendra rútufyrirtækja.

Þetta er vanhugsuð aðgerð sem ljóst er að muni hafa víðtæk neikvæð áhrif. Engin víska er fyrir að hún skili þeim ávinningi sem til er ætlast.

Ekkert samráð

SAF gagnrýna verklag og vinnubrögð þau sem viðhöfð hafa verið við undirbúning tillögunnar, bæði hvað varðar skort á samráði fjármála- og efnahagsráðuneytis við hagsmunaaðila sem og þann skamma frest sem umsagnaraðilum var upphaflega veittur til að koma á framfæri athugasemdum til fjárlaganefndar.

Benda Samtök ferðaþjónustunnar á að í fyrirliggjandi tillögu eru lagðar til grundvallarbreytingar á starfsemi ferðaþjónustufyrirtækja, þ.m.t. er veruleg hækkun á virðisaukaskatti. Er ljóst að boðaðar breytingar munu koma hart niður á starfsemi fyrirtækja í ferðaþjónustu og með öllu óvíst hvort og hvernig þau munu hafa burði til að bregðast við þeim breytingum. Þrátt fyrir þá staðreynd var ekkert samráð haft við Samtök ferðaþjónustunnar við undirbúning þessara tillagna né heldur var tilkynnt um þær meðan sú vinna stóð yfir. Það var ekki fyrr en að morgni 29. mars sl. sem fulltrúar Samtakanna voru boðaðir á fund í fjármála- og efnahagsráðuneyti þar sem kynnt var sú áætlun stjórnvalda að færa ferðaþjónustu í efra þrep virðisaukaskattkerfisins. Ástæða þess að boðað var til fundarins var sú að sama dag kynnti forsætisráðherra þær breytingar á ársfundi Samtaka atvinnulífsins.

Vanda þarf vinnubrögð

Samtök ferðaþjónustunnar ítreka að í samræmi við góða og vandaða stjórnsýslu verður að gera þá kröfu til stjórnvalda að við undirbúning á breytingum á rekstrarumhverfi atvinnugreina, verði ávallt viðhaft samráð við hagsmunaaðila. Vísast hér m.a. til *Handbókar um undirbúning og frágang stjórnarfrumvarpa* sem gefin var út árið 2007 af þáverandi dóms- og kirkjumálaráðuneyti og skrifstofu Alþingis, og felur í sér samansafn af viðmiðum sem gilda um framsetningu stjórnarfrumvarpa og athugasemda með þeim, en þar er sérstaklega vikið að samráði við hagsmunaaðila og mikilvægi þess. Í umræddri handbók er m.a. mælt með, að samráð eigi sér stað við hagsmunaaðila og almenning við gerð allra þýðingarmeiri frumvarpa eftir því sem aðstæður leyfa. Við mat á því hvort frumvörp eru

Þýðingarmikil má líta til þess hvort um nýja stefnumörkun er að ræða sem horfir til breytinga á viðkomandi málefnasviði. Þá kemur einnig til álita við slíkt mat hvort nýjar skyldur eru lagðar á einstaklinga og atvinnulíf, réttindi aðila eru skert eða boðaðar breytingar snerti marga. Að mati SAF er einsýnt að þær breytingar sem boðaðar eru í fyrirbyggjandi tillögu varði öll eða vel flest þau viðmið sem vikið er að í umræddri handbók um mikilvægi þess að samráð sé viðhaft.

Þá er samráð ekki eingöngu mikilvægt til að tryggja samtal á milli stjórnvalda og hagsmunaaðila heldur einnig mikilvægt tæki til að taka tillit til athugasemda áður en mál eru lögð fram á Alþingi, enda tími þingnefnda til að fara yfir athugasemdir oft knappur eftir að mál hafa verið lögð fram.

Þá er í handbókinni vikið að fyrirkomulagi og framkvæmd samráðs þar sem mælt er með því að frestur hagsmunaaðila til að gera athugasemdir við drög að þingmálum skuli að jafnaði vera að lágmarki tvær vikur og kynningarfundir ætti að boða með minnst viku fyrirvara. Ef því verður við komið, kemur vel til álita að birta jafnóðum á heimasíðu ráðuneytis þær athugasemdir sem berast.

Ljóst er að fjármála- og efnahagsráðuneyti gætti í engu að framangreindum leiðbeiningum þrátt fyrir að ráðuneytinu hafi mátt vera ljóst að fyrirbyggjandi tillaga fæli í sér verulegar og umfangsmiklar íþyngjandi breytingar á starfsemi heillar atvinnugreinar þar sem samkeppnisskilyrði hennar og önnur starfsskilyrði eru skert til muna og óvissuástandi komið á hvað varðar framtíðarhorfur hennar.

Átelja SAF harðlega vinnulag þetta og þann skort á samráði stjórnvalda við hagsmunaaðila, enda um grundvallarbreytingar á starfsskilyrðum þeirrar atvinnugreinar sem lagt hefur grunninn að núverandi hagvexti hér á landi. Í þessu sambandi er rétt að minna á að sérstakur samráðsvettvangur, Stjórnstöð ferðamála, var settur á laggirnar árið 2015 af stjórnvöldum og ferðapjónustunni með það að markmiði að efla samtalið um helstu málefni ferðapjónustunnar. Leiðin hefði því verið greið.

Skammur frestur til umsagnar

Þá gera SAF einnig athugasemdir við þinglega meðferð þessa máls og sérstaklega þann skamma frest sem umsagnaraðilum var veittur til að koma á framfæri umsögnum um málið. Í því samhengi benda samtökin á að þrátt fyrir að tillagan feli í sér verulega íþyngjandi aðgerðir gagnvart starfsemi ferðapjónustufyrirtækja, þá var ekki talin ástæða að senda tillöguna til umsagnar samtakanna samhliða útsendum umsagnarbeiðnum hinn 7. apríl sl. Þess í stað, í kjölfar þess að Samtök ferðapjónustunnar kvörtuðu yfir því að ekki hafið verið leitað umsagnar þeirra, barst formleg umsagnarbeiðni fjárlaganefndar hinn 10. apríl sl.

Tekið verði tillit til gagnrýni og fjölda athugasemda

SAF gagnrýna harðlega að við undirbúning svo umfangsmikilla breytinga á skattaumhverfi ferðapjónustu skuli stjórnvöld ekki hafa haft neitt samráð við hagsmunasamtök atvinnugreinarinnar sem um ræðir, né aðila innan hennar. SAF hafa á undanförunum árum lagt sig fram um uppbyggilegt samtal við stjórnvöld varðandi fjölmörg mál sem snerta ferðapjónustu og kappkostað að vera tilbúin til samráðs um jákvæða uppbyggingu á þeim fjölmörgu sviðum samfélagsins sem ferðapjónustan snertir. SAF harma að stjórnvöld skuli ekki líta á það sem kost að eiga gagnsætt og ábyrgt samtal við hagsmunaaðila í stærstu atvinnugrein landsins um jafn umfangsmikla og íþyngjandi breytingu og tvöföldun virðisaukaskatts á ferðapjónustu sannarlega er.

Skilaboð ferðapjónustuaðila um allt land til stjórnvalda gætu vart verið skýrari, en nú þegar hafa um 400 fyrirtæki, stofnanir og hagsmunasamtök innan ferðapjónustunnar sent inn umsagnir um fjármálaáætlun 2018-2022 til Alþingis, sameiginlega eða í sitt hvoru lagi.

Þessar umsagnir endurspeglar raunverulegar áhyggjur þeirra aðila sem starfa við ferðaþjónustu um allt land, með einum eða öðrum hætti, verði tvöföldun virðisaukaskatts að veruleika. SAF leggja að stjórnvöldum að kynna sér vel athugasemdir þessar þar sem margar þeirra lýsa raunverulegum dæmum um afleiðingar fyrirhugaðrar hækkunar.

Umhverfi ferðaþjónustunnar

Ferðaþjónustan er útflutningsgrein sem skilar miklum fjárhagslegum ávinningi til þjóðarbúsins, en áætlað er að skatttekjur ríkisins af ferðaþjónustu verði um 90 ma. króna á árinu 2017, gangi áætlanir eftir og að gjaldeyrstekjur af þessari stærstu útflutningsgrein landsins verði um 560 ma. króna á árinu. Þá má ekki gleyma atvinnusköpun greinarinnar um allt land, þar sem einstaklingsframtakið nýtur sín í sinni skýrustu mynd.

Í fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 er lagt til að virðisaukaskattur á ferðaþjónustu verði hækkaður í efra þrep, fyrst í 24% um mitt ár 2018 og sex mánuðum síðar í 22,5% með almennri lækkun efra þrepsins í upphafi árs 2019. SAF telja mikilvægt að koma því á framfæri, áður en lengra er haldið og eins og áður hefur komið fram í máli Ríkisskattstjóra, að það er almennt talið óheppilegt ef gildistaka skatta- og gjaldahækkana er látin hefjast innan tekjuárs í stað þess að miðast við áramót.

SAF telja það óvarlegt að láta ferðaþjónustu eina greiða fyrir breytingarnar í virðisaukaskattkerfinu í heild sinni.

Íþyngjandi skattabreytingar nær árlega frá árinu 2012

Áformuð breyting á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu þ.e. hækkun úr 11% í 24% er 118% hlutfallsleg hækkun. Sex mánuðum síðar gerir fjármálaáætlun ráð fyrir því að efra þrep virðisaukaskatts verði lækkað úr 24% í 22,5%. Í ljósi þess að fjármálaáætlun getur tekið svo stórtækum breytingum milli ára án nauðsynlegra greininga eða samráðs við aðila, verður að teljast alls óvíst að af lækkun efra þrepsins verði í raun. SAF telja það eðlilega kröfu til stjórnvalda að þau standi vörð um stöðugleika í starfsumhverfi greinarinnar í stað þess að hringla með íþyngjandi álögur á ferðaþjónustuna án samráðs og nauðsynlegra greininga á afleiðingum þeirra.

Í þessu samhengi skal bent á að verði þessar breytingar að veruleika mun ferðaþjónustan hafa gengið í gegn um sex íþyngjandi breytingar á skattumhverfi greinarinnar frá árinu 2012, samhliða því að takast á við mikla styrkingu krónunnar og launahækkunar undanfarinna ára sem hafa sett mark sitt á rekstur ferðaþjónustufyrirtækja. Í þessu sambandi ber að nefna að áætlað er að gistináttgjald hækki um 300% frá og með 1. september á þessu ári og íþyngjandi álögur á bílaleigur hlaupa á milljörðum. Vísað er til umsagnar SAF til fjárlaganefndar merkt „Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 402. mál án umsagnar um VSK“ til nánari upplýsinga“.

Tvöföldun á virðisaukaskatti er ekki kerfisbreyting heldur sértæk skattahækkun á ferðaþjónustuna

Mikilvægt er í upphafi að halda því til haga að tvöföldun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu er ekki víðtæk kerfisbreyting eins og stjórnvöld hafa haldið fram heldur sértæk skattahækkun á eina tiltekna atvinnugrein umfram aðra. Þrátt fyrir endurteknar yfirlýsingar stjórnvalda á þá vegu að boðaðar breytingar felu í sér ákveðna einföldun á umræddu skattkerfi þá er raunin sú að virðisaukaskattþrepin verða eftir sem áður þrjú, eins og fyrir breytinguna. Í ljósi þessa verður meint einföldun á skattkerfinu því engin með fyrirhugaðri hækkun á ferðaþjónustuna nema síður sé.

Tryggja þarf einsleit vinnubrög gagnvart mismunandi atvinnugreinum

Áætlaðar viðbótartekjur ríkisins frá ferðaþjónustunni vegna VSK breytinganna eru tæplega 20 ma. króna á ársgrundvelli. Má með sanni segja að vandfundin séu fordæmi um slíkar auknar opinberar álögur sem lagðar hafa verið á eina afmarkaða atvinnugrein milli ára. Til samanburðar verður að nefna að innheimta ríkisins á veiðigjaldi af sjávarútvegsfyrirtækjum er um fjórðungur af þeirri upphæð sem nú skal leggja á ferðaþjónustuna. Ekki verður hjá því komist í því samhengi að benda á muninn á vinnubrögðum ríkisvaldsins gagnvart gjaldahækkun á þessar tvær atvinnugreinar. Á bak við álagningu veiðigjalda liggur áralöng stjórn málaumræða og samráð við hagsmunaaðila um forsendur og afleiðingar gjaldtökunnar. Á bak við tvöföldun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu, sem nemur fjórum sinnum upphæð veiðigjalda, liggur ekkert samráð og ónóg greining á forsendum eða afleiðingum.

Einnig er mikilvægt að benda á að þrátt fyrir þessa tæplega 20 ma. króna áætlaða skattahækkun á ferðaþjónustuna á ársgrundvelli eru einnig uppi áform og hugmyndir um frekari gjaldtöku í greininni, s.s. sérleyfisgjöld, gjöld í þjóðgarða og bílastæðagjöld.


Grunngildum fjármálaáætlunar ekki haldið á lofti

Stjórnvöldum ber lögum samkvæmt að láta grunngildi um sjálfbærni, varfærni, stöðugleika og gagnsæi endurspeglast í vinnu, verklagi og umfjöllun fjármálaáætlunar, sbr. 6. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015. Ekki verður séð hvort og hvernig þessi grunngildi endurspeglast í ákvörðun um tvöföldun virðisaukaskatts þar sem augljóst er að breytingin mun hafa víðtæk og um leið neikvæð áhrif á starfsmumhverfi ferðaþjónustufyrirtækja víða um land. Sérstaklega mun breytingin vege að rekstrargrundvelli fjölmargra ferðaþjónustufyrirtækja á landsbyggðinni sem nú þegar glíma við erfiðar rekstraraðstæður, sér í lagi yfir vetrarmánuðina. Tvöföldun virðisaukaskatts hefur því í för með sér stórfellda hættu á að sú atvinnu- og samfélagsuppbygging sem fylgt hefur fjárfestingu ferðaþjónustufyrirtækja í hinum dreifðu byggðum landsins muni ganga til baka. Lögfest markmið um að gæta skuli að sjálfbærni og stöðugleika við stefnumörkun í opinberum fjármálum, sbr. framanritað, eru því virt að vettugi með þessum áformum, augljóslega hvað varðar ferðaþjónustufyrirtæki og starfsumhverfi þeirra en ekki síður hvað varðar byggðaupbyggingu og atvinnustig á landsbyggðinni.


Greining á áhrifum hækkunarinnar liggur ekki til grundvallar

SAF telja að til grundvallar áformum um tvöföldun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu liggja ekki fagleg greining. Í mati fjármála- og efnahagsráðuneytisins kemur fram að áhrif breytinganna á verðlag og straum ferðamanna séu óveruleg. SAF hafa lagt mikla áherslu á að það er ekki keppikefli í sjálfu sér að fjölga ferðamönnum til landsins, heldur þurfi að leggja áherslu á verðmætasköpun til langs tíma og um allt land, allan ársins hring. Fjöldi ferðamanna er ekki góður mælikvarði á verðmætasköpun í ferðaþjónustu, heldur er það t.d. neytlumynstur þeirra sem skiptir máli svo eitthvað sé nefnt. Hætta er á að neikvæðar ytri aðstæður valdi því að þeir ferðamenn sem koma til landsins eyði minna og dvelji skemur eins og þegar er byrjað að koma fram, sbr. myndir hér að neðan vegna ytri þátta sem hafa haft áhrif á verðlagningu.

Neysla erlendra ferðamanna innanlands
- Hefur dregist saman um 8,1% frá 2011



Meðaldvalarlengd, gistinætur
- Dróst saman um rúma hálfa nótt í fyrra




Heimild: Hagstofan, RMV og SAF

SAF gera þá kröfu, í samræmi við góða og vandaða stjórnsluhætti, að jafn viðamiklar breytingar og hér um ræðir séu grundvallaðar á fullnægjandi upplýsingum hverju sinni þannig að unnt sé að taka ákvarðanir á grundvelli óbyggjandi staðreynda. Greina þarf starfsumhverfi ferðaþjónustunnar og áhrif mögulegra breytinga á rekstrarumhverfi, samkeppnishæfni og sjálfbærni greinarinnar mun betur, áður en ákvarðanir um svo íþyngjandi breytingar á skattumhverfi greinarinnar eru teknar.

Ekki er línulegt samband milli fjölgunar ferðamanna og afkomu fyrirtækja í ferðaþjónustu

Eins og komið hefur fram gera Samtök ferðaþjónustunnar alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð og þann skort á greiningarvinnu sem liggur til grundvallar ákvörðun um tvöföldun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu. Hvað fyrirtæki í ferðaþjónustu varðar þá virðist engin greining hafa verið gerð á stöðu þeirra í dag, á áhrifum væntrar hækkunar á starfsumhverfi þeirra, afkomu eða stöðu eftir staðsetningu og tegund ferðaþjónustu svo eitthvað sé nefnt. Það er t.a.m. staðreynd að ekki er línulegt samband milli fjölgunar ferðamanna og afkomu fyrirtækja í ferðaþjónustu. Þvert á móti hefur afkoma ferðaþjónustufyrirtækja versnað á sama tíma og ferðamönnum hefur fjölgað. Meðfylgjandi mynd sýnir þróun EBIDTU í ferðaþjónustu eftir mismunandi greinum hennar.

EBIDTA sem hlutfall af tekjum



Sagan kennir að þegar raungengi íslensku krónunnar er komið yfir langtímameðaltal fer það að koma niður á vexti, arðsemi og markaðshlutdeild þeirra fyrirtækja sem eru í alþjóðlegri samkeppni. Frá árinu 2013 hefur raungengið hækkað um 37% og launahækkunir numið 30% frá sama tíma. Jafnframt hafa háir vextir haft áhrif á afkomu greinarinnar.

Þessir þættir hafa mikil áhrif á afkomu ferðaþjónustufyrirtækja um þessar mundir.

Hvað segja félagsmenn í SAF?

Í könnun sem Samtök ferðapjónustunnar gerðu meðal félagsmanna sinna um allt land í aprílmánuði og á þriðja hundrað svöruðu, kemur fram að 90% fyrirtækjanna telja að hækkun virðisaukaskatts muni hafa neikvæð eða mjög neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins og 76% fyrirtækja telja að ferðamönnum muni fækka á þeirra atvinnusvæði. Þá telja 73% fyrirtækjanna þau þegar hafa horft upp á lækkað arðsemi, m.a. vegna styrkingar íslensku krónunnar og almennra launahækkana en 79% þeirra hafa fjárfest töluvert eða verulega í uppbyggingu á síðustu tveimur árum.

Í könnuninni kemur einnig fram að verðhækkanir í ferðapjónustu hafa valdið því að um 72% fyrirtækja hafa þegar orðið vör við minni eftirspurn eftir þjónustu sinni, þar sem fyrirspurnir leiða ekki til viðskipta, pantanir eru afturkallaðar eða óskað er eftir viðaminni þjónustu. Það eru því sannarlega blíkur á lofti og fyrirtæki í ferðapjónustu eru misjafnlega í stakk búin til að taka á sig enn frekari álögur.

Sérstakar aðstæður mismunandi atvinnugreina innan ferðapjónustunnar sem áætlað er að fari í efra þrep VSK


Hér að ofan hefur verið farið almennt yfir stöðu fyrirtækja í ferðapjónustu gagnvart ytri aðstæðum og styrk þeirra til að taka á sig enn frekari íþyngjandi álögur. Þá eru líka sértækir þættir sem samtökin telja að stjórnvöld ættu að taka tillit til áður en ákvarðanir eru teknar um íþyngjandi skattabreytingar.

Gististaðir:

Nú þegar hefur verið ákveðið að þrefalda gistináttaskatt á gististaði frá og með 1. september nk. sem er íþyngjandi. Skuggahagkerfinu svokallaða, þ.e. sú gisting sem á sér stað í óskráðum heimahúsum eða í íbúðum, hefur vaxið ásmegin síðustu misserin. Því miður sýna tölur að aðeins lítill hluti þess skilar sköttum og skyldum til samfélagsins. Það er alþekkt að slíkt hagkerfi þrífst sérstaklega vel þar sem skattar eru háir og álögur miklar, ávinningurinn af slíku athæfi er því mikill. Þegar við bætist lítið sem ekkert eftirlit stækkar það enn. Þessi tegund gistingar er nú þegar hlutfallslega lang mest í umfangi á Íslandi í samanburði við Norðurlöndin svo dæmi sé tekið, en áætla má að um helmingur alls framboðs gistingar á Íslandi í dag er íbúðagisting. Til samanburðar má nefna að í Danmörku er stærð www.airbnb.com, sem er ein umfangsmesta leigumiðlunarvefsíðan hvað varðar íbúðagistingu, aðeins fimmtungur af hótelmörkum.

Vænt breyting á virðisaukaskattkerfinu eykur verulega flækjustig þessarar tegundar ferðapjónustu þar sem veitingahlutinn og gistihlutinn verða ekki í sama þrepi. Slíkt kallar á mikla vinnu og utanumhald og óskilvirkni eykst. Með því eykst freistni og hætta á undanskotum mikið. Mikilvægt er fyrir stjórnvöld að gera sér grein fyrir þessum þáttum og vinna sviðsmyndagreiningar hvað varðar væntan ávinning af

ætlaðri hækkun m.v. ofangreindar staðreyndir í stað þess að leggja á tvöföldun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu að óathuguðu máli.



SAF greina nú þegar mikla breytingu á kauphegðun ferðamanna þegar kemur að gistingu, afbókanir hafa aukist mikið og hver ferðamaður kaupir nú færri gistinguætur en áður eins og sést af því að meðalfjöldi gistinguáttanna hefur lækkað um 12,5% milli árunna 2015 og 2016. Verði ferðaþjónusta færð í efra þrep virðisaukaskatts verður gisting á Íslandi með næst hæsta virðisaukaskatt í Evrópu á eftir Danmörku sem býr við eitt skattþrep. Vert er að athuga í því samhengi að í Danmörku hrundi gistinguáttafjöldi erlendra ferðamanna í kjölfar hækkunar virðisaukaskatts í 25% árið 1992, þó með tveggja til þriggja ára töf, og er fyrst núna að ná fyrri fjölda á ný þrátt fyrir mótvægisáðgerðir stjórnvalda þar í landi. Stjórnvöld í Danmörku tóku þessa ákvörðun, þ.e. um

25% virðisaukaskatt, með fimm ára fyrirvara.

Hópbifreiðafyrirtæki:

Samkeppni við erlend hópbifreiðafyrirtæki með starfsemi á Íslandi sér í lagi yfir sumartímamann er mikil og ósanngjörn. Þessi fyrirtæki koma til landsins með erlendar rútur með Norrænu og gera þær hér út ásamt erlendum bílstjóra og leiðsögumanni. Launakostnaður erlendu aðilanna er minni, auk þess sem rúturnar eru ódýrari í innkaupum og rekstri. Þá er eftirliti hér á landi mjög ábótavant gagnvart þessum aðilum. Þessi fyrirtæki þurfa heldur ekki hópferðaleyfi eða hópferðaskoðun eins og þau innlendu. Þegar er samkeppnin því afar ósanngjörn og hæfni íslenskra fyrirtækja að standast hana versnar dag frá degi. Enda sýna nýjar tölur yfir ætlað aukið umfang erlendra hópferðabíla í sumar þetta glögg.

Þegar eru farin að sjást merki þess að ferðamenn kjósi styttri ferðir og ódýrari, hækkað verð í kjölfar gengisstyrkingar og kostnaðarhækkana er því farið að hafa mikil áhrif á neyslumynstrið.

Afþreyingarfyrirtæki:

Helstu sértæku áhrifin á þessi fyrirtæki eru þegar farin að koma í ljós vegna óhagstæðra ytri aðstæðna rekstraraðila s.s. hvað varðar gengisþróun og kostnaðarhækkunar. Það sýnir sig að ferðamenn eru þegar farnir að stytta ferðir sínar, fækka þeim og kaupa ódýrari afþreyingu en áður. Þetta er þvert á þá þróun sem við höfum viljað sjá. Verðmætustu ferðamönnum fer því fækkandi. Auknar álögur munu auka enn á þennan vanda.

Ferðaskrifstofur:

Það er afar mikilvægt að stjórnvöld geri sér grein fyrir sérstöku starfsumhverfi ferðaskrifstofa. Í raun skiptir ekki máli hvar ferðaskrifstofa er staðsett í heiminum. Þjónusta hennar er afhent rafrænt til viðskiptavinar sem er búsettur erlendis í formi ferðalýsingar og bókanar á þjónustu. Söluvaran er upplifun og minningar sem hann flytur með sér úr landi eftir Íslandsheimsóknina. Ferðaskrifstofur með lögheimili erlendis leggja ekki virðisaukaskatt á þjónustu sína hvorki í heimalandi sínu né hérlendis en geta þó nýtt innskatt að fullu í heimalandi sínu við rekstur sinn. Samkeppnisstaða ferðaskrifstofa á Íslandi er því nú þegar óviðundandi og mun versna svo um munar verði af umræddum breytingum.

Á sama tíma er mikið ósamræmi hvað varðar kröfur landa um tryggingar ferðaskrifstofa en á Íslandi þurfa ferðaskrifstofur að leggja til tryggingu inná lokaða reikninga eða veðsetja eignir. Erlendis nægir að kaupa tryggingu sem er mun ódýrari kostur.

Hvataferða, funda- og ráðstefnumarkaður:

Hörð alþjóðleg samkeppni ríkir um hvataferða, funda- og ráðstefnumarkaðinn (MICE, meetings, incentive, congress, exhibition). Hver gestur í slíkum erindum eyðir að jafnaði 80% meira en ferðamaður í fríi. Til viðbótar kemur ávinningurinn af þeirri þekkingarmiðlun og tengslamyndun sem á sér stað á fundum og ráðstefnum og það er alþjóðlega viðurkennt að þann ávinning megi meta sem 2-2,5 sinnum beina eyðslu gestsins. Samanlagt er verðmæti MICE gestsins því um 3,5-falt verðmæti annarra ferðamanna. Af þessum sökum er víða lagt mikið upp úr því að fá þessa verðmætu gesti í staðinn fyrir aðra ferðalanga.

Þó Ísland njóti vinsælda og athygli um þessar mundir er eðli þessa markaðar slíkt að fyrirhuguð hækkun virðisaukaskatts er líkleg til að hafa mjög neikvæð áhrif á getu Íslands til að ná þessum viðskiptum og geti eyðilaggt áralanga vinnu við markaðssetningu.

Gríðarleg samkeppni ríkir um fundi og ráðstefnur um allan heim, nýir og spennandi áfangastaðir skjóta reglulega upp kollinum og eldri áfangastaðir reyna að halda sínu með miklum fjárfestingum í mannvirkjum og uppbyggingu innviða, markaðssetningu og þjálfun starfsfólks. Líkur eru á að það styttest í að Ísland njóti ekki lengur forskots vegna vinsælda og þurfi þá að sætta sig við að samkeppnishæft verð er eitt af frumskilyrðum þess að fá ráðstefnur og fundi.

Ef af ætlaðri skattahækkun verður mun íslensk ferðaþjónusta eins og áður er nefnt búa við næst hæsta virðisaukaskattþrep í Evrópu á eftir Danmörku. Nærtækt er því að leita samanburðar við reynslu Dana, en hátt virðisaukaskattstig í Danmörku hefur lamað getu þarlendrar ferðaþjónustu til að fá MICE viðburði og því býður danska ríkið nú orðið 100% endurgreiðslur af virðisaukaskattinum. Seint mætti halda því fram að slíkt fyrirkomulag væri til að einfalda skattkerfið.

Óbein áhrif:

Ekki er hægt að líta framhjá óbeinum áhrifum ætlaðrar skattahækkunar. Samkvæmt tölum frá Rannsóknarsetri verslunarinnar var tæplega fimmtungur allrar kortaveltu á Íslandi í fyrra erlend kortavelta. Þá áætla Hagstofa Íslands að um 14% af útgjöldum erlendra ferðamanna hér á landi sé í verslun. Það má ljóst vera að verslun mun dagast saman hjá ferðamönnum, enda sýnir reynslan að eyðsla ferðamanna hér á landi tekur mið af ákveðinni fjárhæð í mynt heimalandsins.

Ljóst er að afleidd viðskipti og tengdar greinar hafa óumdeildan hag af sjálfbærum vexti ferðaþjónustu og að stöðugleiki ríki um rekstrarskilyrði í greininni. Með áformum um tvöföldun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu er því ekki aðeins verið að taka mikla áhættu með mikilvæga gjaldeyrissköpunargrein heldur er einnig verið að yfirfæra áhættuna á tengdar atvinnugreinar fyrir óvísan ávinning.

Þegar til óbeinna áhrifa hækkunarinnar á afleidda og nátengda starfsemi er litið er alls óljóst hvort að sá nettó ávinningur, sem gert er ráð fyrir í fjármálaáætluninni, muni skila sér til ríkissjóðs í raun. Þegar litið er enn og aftur til þeirrar staðreyndar að greiningar á forsendum og áhrifum hækkunarinnar eru ófullnægjandi er það vandkvæðum bundið að áætla nokkuð í þeim efnum.

SAF tekur jafnframt undir það sem fram kemur í umsögn fjármálaráðs, að það sé eðlileg krafa til ríkisvaldsins að ítarlegar kostnaðar- og ábatagreiningar séu gerðar, og að hagræn áhrif séu greind ásamt sviðsmyndum þegar svo íþyngjandi álögur eru settar á eina grein eins og ferðaþjónustuna.

SAF tekur jafnframt undir það sem fram kemur í skýrslu fjármálaráðs að sú sértæka aðgerð að lækka efra þrep virðisaukaskatts í upphafi árs 2019 sé líkleg til að ganga gegn grunnildinu um stöðugleika við þær efnahagsaðstæður sem nú ríkja. Sú aðgerð er réttlætt með því aukna svigrúmi sem hækkun virðisaukaskatts á ferðapjónustu skapi, en í umsögn fjármálaráðs kemur fram sú gagnrýni að breytingarnar flytji skattheimtuna af innlandri eftirspurn yfir á ferðapjónustuna. Fjármálaráð tiltekur sérstaklega að með stöðugleika að leiðarljósi sé slíkt óvarlegt nú um stundir þar sem þess háttar aðgerð ýti undir þenslu. Vakna því upp spurningar um eiginlega þörf á umræddum VSK breytingum á ferðapjónustuna.

Mikilvægi samkeppnishæfni ferðapjónustunnar í alþjóðasamhengi

Í yfirlýsingu Alþjóða gjaldeyrisjóðsins um ráðgjöf gagnvart Íslandi frá 28. mars 2017 (<http://www.imf.org/en/News/Articles/2017/03/28/mcs032817-iceland-staff-concluding-statement-of-the-2017-article-iv-mission>) kemur fram að það mikilvægasta sem stjórnvöld þurfi að hafa í huga þegar kemur að breytingum á rekstrarumhverfi ferðapjónustunnar sé að varðveita samkeppnishæfni og sjálfbærni greinarinnar (e. „Structural reforms should seek to protect competitiveness and nurture sustainable tourism“).

SAF telja afar mikilvægt að samræmi sé á milli skatta í helstu samkeppnislöndum ferðapjónustunnar.



Augljóst er að tvöföldun á virðisaukaskatti á ferðapjónustu mun hafa neikvæð áhrif á samkeppnishæfni íslenskrar ferðapjónustu í alþjóðlegu samhengi. Verði breytingarnar samþykktar munu ferðamenn greiða hér á landi næst hæsta virðisaukaskatt í Evrópu fyrir ferðapjónustuvörur (aðeins Danmörk verður með hærri virðisaukaskatt). Eðlilegra væri að greiða sambærilegan virðisaukaskatt og í flestum öðrum Evrópulöndum sem innlendir aðilar starfa í beinni samkeppni við. Í þessu samhengi er einnig mikilvægt að halda til haga að erlendir ferðamenn nýta ekki nema litinn hluta innviða samfélagsins sem samneyslunni er ætlað að fjármagna t.a.m. menntakerfið. Þá fær ríkið fullt endurgjald af allri heilbrigðisþjónustu sem erlendir ferðamenn nýta sér á Íslandi.

SAF telja að slík breyting muni hafa veruleg áhrif á afkomu ferðapjónustu á Íslandi til framtíðar og þar

með þeim samfélagsávinningi sem greinin skilar, bæði með beinum skattgreiðslum, fjárfestingu og annarri uppbyggingu um land allt.

Lægra skattþrep tryggir eðlilega samkeppnishæfni gagnvart öðrum áfangastöðum

Einfaldur samanburður við Evrópulönd sýnir að 11% skattþrep ferðapjónustu á Íslandi er mikilvægt til að tryggja eðlilega samkeppnishæfni þar sem flest Evrópulönd kjósa að staðsetja ferðapjónustu í lægra skattþrepi. Erlendis ráða enda fyrst og fremst sterk samkeppnissjónarmið því að gisting, afþreying og önnur þjónusta við ferðamenn er staðsett í lægra þrepi virðisaukaskatts. Staðsetning ferðapjónustu á

Íslandi í 11% þrepi virðisaukaskatts eflir því samkeppnishæfni Íslands sem ferðamannastaðar umtalsvert gagnvart öðrum áfangastöðum þar sem íslensk ferðaþjónusta er á svipuðum slóðum og í flestum Evrópulöndum.

Út frá því samkeppnisumhverfi sem íslensk ferðaþjónusta vinnur í um þessar mundir, með hækkandi gengi og öðrum verðhækkunum er algerlega ljóst að hækkun á virðisaukaskatti í samanburði við aðra áfangastaði mun hafa geigvænleg áhrif á eftirspurn, kaup erlendra ferðaskrifstofa á ferðum, afþreyingu og þjónustu á Íslandi svo eitthvað sé nefnt.

Með þessu sést augljóslega að ofangreind rök fyrir skattahækkuninni standast ekki skoðun frekar en þau sem að ofan hafa verið hrakin.

Í nýjustu skýrslu Alþjóðaefnahagsráðsins e. World Economic Forum, kemur fram að á síðasta ári féll Ísland niður um 7 sæti á lista yfir samkeppnishæfni ríkja og situr nú í 25 sæti frá árinu 2015. Ísland féll þar niður fyrir öll Norðurlöndin að Finnlandi undanskildu.

Stærsti einstaki áhrifavaldur þessarar þróunar er verðlag og verðlagsþróun en þar er Ísland í 132 sæti af 136 þjóðum. Ljóst er að boðið skattahækkun mun augljóslega ýta undir verri samkeppnishæfni með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á tekjur ríkissjóðs þegar til lengri tíma er litið.

Þversögn í markmiðum um einföldun skattkerfisins með breytingum á virðisaukaskattkerfinu

Í greinargerð með fyrirleggjandi tillögu kemur fram að eitt höfuðmarkmið umræddrar tvöföldunar á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu sé einföldun skattkerfisins. Í því samhengi benda SAF á að í hækkuninni felst engin einföldun á skattkerfinu heldur þvert á móti er viðhaldið flóknu skattkerfi. Eins og áður er nefnt munu þjónusta við ferðamenn áfram fara fram í mismunandi skattþrepum. Hér má telja til augljóss rökstuðnings algeng form ferðaþjónustu eins og pakkaferðir sem seldar eru af innlendum og erlendum ferðaskrifstofum og sameiginlegan hótél- og veitingarekstur sem munu áfram verða undirorpinn lagskiptu þriggja þrepa skattkerfi, eins og áður.

Sérstaklega skal bent á það hér að fjármála- og efnahagsráðherra hefur þegar vakið máls á því að nauðsynlegt kunni að verða að grípa til sérstakra mótvægisáðgerða eða ívilnana fyrir þau svæði á landinu sem glíma fremur við skort á ferðamönnum en fjölgun, t.d. Austurland og Vestfirði. Slík tillaga kom til dæmis skýrt fram í máli ráðherra á fundi með aðilum í ferðaþjónustu á Austurlandi á Egilsstöðum 10. apríl sl. Augljóst er að slíkar afleiðingar eru í beinni þversögn við yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar í fjármálaáætluninni um einföldun skattkerfisins. Áðgerð sem er í þversögn við markmið sín er ekki líkleg til að standast grundvallargildi fjármálaáætlunarinnar. Aftur skal í þessu samhengi á það bent að greiningar skortir hjá stjórnvöldum á afleiðingum hækkunarinnar og því liggur engin þekking til grundvallar ályktunum um einföldun skattkerfisins til framtíðar.

Skattgreiðslur ferðaþjónustunnar til ríkisins aðeins nýttar að litlum hluta til uppbyggingar ferðamannastaða og samgangna

SAF telja að rök um að tvöföldun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu sé nauðsynleg til að ferðaþjónusta geti lagt sitt til uppbyggingar innviða ferðamannastaða sem nauðsynleg er vegna fjölgunar ferðamanna standist ekki nánari skoðun.

Eins og áður sagði er áætlað að ferðaþjónustan muni skila 90 ma króna í skatt- og þjónustutekjur til ríkissjóðs á árinu 2017 gangi áætlanir eftir. Fyrir árið 2016 var þessi tala um 70 ma króna. Framlag

ríkissjóðs undir fjárlagaliðnum ferðapjónusta á árinu 2017 var aðeins 2,2 ma króna og jafnvel með heildarframlagi ríkissjóðs til samgöngu- og fjarskiptamála fyrir árið 2017 er samanlögð upphæð aðeins rúmur þriðjungur af skatttekjum ríkissjóðs af ferðapjónustu. Þá eru ótalin áhrif hundruð milljarða gjaldeyrissköpunar ferðapjónustunnar árlega, m.a. áætlaðra 560 ma króna á árinu 2017.

Hvort skattfé frá stærstu útflutningsgrein á Íslandi er beint í farveg innviðauppbýggingar eða ekki er ákvörðun Alþingis. Umbúðalaust sagt er vandinn því ekki sá að ferðapjónustan skili ekki skatttekjum til samneyslu þjóðarinnar. Það gerir greinin í tugmilljarðavís árlega. Vandinn er að ríkisstjórn og Alþingi skila ekki afrakstrinum sem ferðapjónustan leggur ríkissjóði til út í uppbyggingu innviða.

Rök um að virðisaukaskattshækkun þurfi á ferðapjónustu til að greiða fyrir innviðauppbýggingu vegna fjölgunar ferðamanna standast því ekki nánari skoðun í ljósi þess að ferðapjónustan hefur á undanförnum árum aflað hundruð milljarða króna til samneyslunnar. Vænlegra sé að hlúa að greininni sé vilji til að tryggja frekari tekjur ríkissjóðs af ferðapjónustunni til langrar framtíðar.

Virðisaukaskattur er ekki skynsamlegt stjórnþæki til að hafa hemil á fjölgun ferðamanna eða veikja gengi krónunnar

Í fréttum Ríkisútlagsins þann 26. apríl sl. kom fram í máli fjármála- og efnahagsráðherra að tilgangur hækkunar virðisaukaskatts á ferðapjónustu sé beinlínis að stemma stigu við fjölgun ferðamanna á Íslandi þó svo að annað hafi komið fram við kynningu áætlunarinnar. Í sama viðtali kemur fram að fjármálaráðherra telji fjölgun ferðamanna hafa óhagstæð áhrif á gengi krónunnar og hagkerfið í heild. Sömu rök koma einnig bersýnilega fram á fleiri en einum stað í greinargerð með fjármálaáætlun 2018-2022.

SAF benda á að skyndileg stórhækkun á virðisaukaskatti er mjög óskynsamleg leið til að stýra fjölda ferðamanna þar sem hækkun virðisaukaskatts hefur mun víðtækari áhrif en aðeins á fjölda ferðamanna, t.d. á rekstrarumhverfi greinarinnar, fjárfestingu, atvinnuuppbyggingu og framtíðarþróun. Sé það ætlan ríkisvaldsins að hægja á fjölgun ferðamanna á Íslandi eða fækka þeim, eru önnur stjórnþæki og skilvirkari aðgerðir mun líklegri til að skila ágrangri án þeirrar breiðsíðu neikvæðra afleiðinga um allt land sem hækkun virðisaukaskatts mun óhjákvæmilega valda.

Að auki skal bent á, eins og áður hefur komið fram, að nú þegar er ljóst að hækkun raungengis er farin að hafa áhrif, enda er það hið náttúrulega viðbragð og sýnir að aðstæður eru þegar farnar að leita jafnvægis. SAF telja mjög óskynsamlegt og óforsjált af stjórnvöldum að leggja til tvöföldun virðisaukaskatts á ferðapjónustu í þeim tilgangi að takmarka fjölda ferðamanna áður en fyllilega verður séð hversu mikil áhrif hækkun raungengis mun hafa á fjöldann næstu ár og rekstur fyrirtækjanna.

Í fjármálastöðugleikaskýrslu Seðlabanka Íslands frá 2016 kemur fram að; *ef það dregur verulega úr komum ferðamanna gæti orðið efnahagssamdráttur, atvinnuleysi aukist og eignaverð lækkað. Það gæti leitt til taprekstrar bankanna, ekki síst vegna aukins útlánataps.* Í þessu samhengi er mikilvægt að halda því til haga að það að stýra fjölda ferðamanna til landsins er ekki eins og að skrúfa frá og fyrir olíuflæði þeirra landa sem búa við slíka auðlind.

Að mati SAF eru áhrif ferðapjónustunnar á styrkingu íslensku krónunnar ofmetin. Á síðasta ári nam innflæði gjaldeyris vegna viðskiptajafnaðar 195 ma króna skv. Seðlabanka Íslands. Stór ástæða jákvæðs viðskiptajafnaðar er vissulega styrkur ferðapjónustunnar en á sama tíma nam annars konar gjaldeyrisinnflæði 330 ma króna. SAF geta því ekki tekið undir mat fjármálaráðherra þess efnis að áætlaðar aðgerðir séu vænlegar til að hafa áhrif á gengisþróun.

Stjórnvöld geta ekki réttlætt þann skaða, atvinnutap og brotnar forsendur fyrir rekstri og fjárfestingu um allt land sem óhjákvæmilega mun hljóttast af tvöföldun virðisaukaskatts með óljósum hugmyndum um að takmarka þurfi fjölda ferðamanna eða lækka gengi krónunnar. Slíkt ber vott um gerræðisleg vinnubrögð og á ekkert skylt við hófstíllta og skynsamlega efnahagsstjórn sem byggir á sjálfbærni og stöðugleika.

Nettóáhrif hækkunarinnar metin 4 ma. króna á ársgrundvelli.


Þegar litið er til þess að auknar skattgreiðslur ferðapjónustunnar eru áætlaðar tæpir 20 ma. á ársgrundvelli og að kostnaður lækkunar virðisaukaskatts úr 24% í 22,5% er áætlaður um 16 ma. er ljóst að nettóáhrif breytinganna á ársgrundvelli eru um 4 ma. Hér er einnig mikilvægt að rifja upp að vegna þess að mikið skortir á greiningar á forsendum og afleiðingum hækkunarinnar er alls óljóst hvort hún muni þegar allt er talið skila þeim heildartekjuáhrifum sem lagt er upp með í fjármálaáætluninni.

Meðal annars benda SAF á að tekjumissir ríkissjóðs vegna skattundanskota í tengslum við ferðapjónustu er talinn hlaupa á milljörðum árlega. Samtökin benda á að það væri fyrirtækjum í ferðapjónustu, ríkissjóði og samfélaginu í heild í hag að ráðast að rót þess vanda með markvissum aðgerðum og um leið að ná inn tekjum sem ríkið verður af vegna þeirra skattundanskota.

Með því að hlúa að greininni og treysta stöðir ferðapjónustunnar telja Samtök ferðapjónustunnar yfirgnæfandi líkur á að tekjuaukning ríkissjóðs af ferðapjónustu verði umfram þá fjóra milljarða á ársgrundvelli sem áætlunin gerir ráð fyrir.

Þá má búast við að miklar fjárfestingar í greininni á síðustu árum muni skila sér í auknum VSK tekjum til framtíðar (innskattshluti minnkar).

Fjárfesting í ferðapjónustugreinum (milliónir króna)
- Vaxandi fjárfestingar fyrirtækja á seinustu árum



Neikvæð áhrif á atvinnustig, fjárfestingu og uppbyggingu á landsbyggðinni

Samtök ferðapjónustunnar vekja sérstaka athygli á neikvæðum áhrifum tvöföldunar virðisaukaskatts á ferðapjónustufyrirtæki á landsbyggðinni, þar sem straumur ferðamanna er ekki jafn stöðugur og aukning aðeins lítill hluti af því sem heildartölur segja til um. Byggðakjarnar á landsbyggðinni hafa í áratugi barist við fólksfækkun, m.a. vegna takmarkaðra atvinnutækifæra og skorts á þjónustu í byggðalögnum sjálfum.

Ferðapjónustan býr ekki aðeins til störf og atvinnutækifæri í smærri byggðalögum heldur fylgir henni einnig vöxtur þjónustu og affreyningar, ekki aðeins fyrir ferðamenn heldur einnig íbúa. Viðhald og uppbygging margs konar þjónustu í byggðakjörnum á landsbyggðinni hefur verið eitt af viðvarandi

verkefnum í byggðamálum undanfarna áratugi og á mörgum stöðum hefur vöxtur ferðaþjónustu loks orðið til þess að festa slíka þjónustu í sessi. Veitingastaðir hafa opnað, afþreyingarfyrirtæki hafið starfsemi, fjárfest hefur verið í húsnæði og hús gerð upp sem staðið hafa ónotuð árum saman. Vöxtur ferðaþjónustu hefur þannig glætt lífi svæði sem höfðu áður farið halloka hvað varðar íbúafjölda, atvinnutækifæri og þjónustu, t.d. í kjölfar hagræðingar í sjávarútvegi á liðnum áratugum.

Það á ekki að þurfa að benda sérstaklega á þá staðreynd að ferðamenn ferðast ekki jafnt um landið og þau svæði sem lengst eru frá höfuðborgarsvæðinu eiga erfiðast með að halda úti fullri starfsemi í þjónustu við ferðamenn allt árið. Sem dæmi má nefna að aðeins um 27% ferðamanna sem koma til Íslands ferðast um Austurland.

Lengst af hefur ferðaþjónusta á þessum svæðum verið sumarátvinnugrein þar sem flestir rekstraraðilar höfðu aðeins opið þrjá til fjóra mánuði af árinu. Með fjölgun ferðamanna og aukinni dreifingu þeirra um landið hefur þetta breyst og á undanförunum 2-3 árum hafa margir ferðaþjónustuaðilar tekið upp heilsárs starfsemi og ráðið starfsfólk í heilsársstörf. Ekki þarf að orðlengja mikilvægi slíkra starfa fyrir litla byggðakjarna. Þrátt fyrir þetta sýna tölur SAF að rekstur fyrirtækja á þessum svæðum á landsbyggðinni er enn erfiður og fyrirtæki sem þar starfa eru mörg hver rekin með tapi yfir vetrarmánuðina.

Uppbygging ferðaþjónustu er mikilvægt atvinnumál á landsbyggðinni þar sem hvert starf sem tapast getur haft mun víðtækari áhrif á nærsamfélagið en á höfuðborgarsvæðinu. Á undanförunum árum hefur mikil umræða staðið um atvinnumissi eftir brotthvarf atvinnurekenda á stöðum eins og Djúpavogi, Húsavík, Raufarhöfn, Vopnafirði og Flateyri svo eitthvað sé nefnt og sú umræða snýst oftast en ekki um þá kröfu að ríkisvaldið grípi inn í, t.d. með sértækum aðgerðum eða stuðningi.

Ef áform um tvöföldun virðisaukaskatts verður að veruleika er ljóst að versnandi rekstrarskilyrði í kjölfar þess munu hafa einna verst áhrif á ferðaþjónustufyrirtæki á landsbyggðinni og sérstaklega á þeim svæðum sem ferðamenn þurfa að hafa sem mest fyrir að heimsækja út frá höfuðborgarsvæðinu, bæði hvað varðar kostnað og ferðalengd.

Eins og áður er nefnt eru áhrif af gengishækkun, launakostnaði og öðrum hækkunum á kostnaðarliðum þegar farin að skila sér í neikvæðum áhrifum á rekstur fyrirtækjanna. Rekstraraðilar í ferðaþjónustu á landsbyggðinni eru farnir að horfa til þess að segja upp heilsárs starfsfólki og loka yfir vetrarmánuðina.

Allar líkur eru á því að tvöföldun virðisaukaskatts muni ýta enn frekar undir slíkan niðurskurð í ferðaþjónustu á landsbyggðinni. Ljóst er að með slíku bakslagi mun vetrarumferðin minnka og hraður samdráttur verða í framboði gistirýma og annarrar þjónustu við ferðamenn á landsbyggðinni. Slíkar afleiðingar yrðu stórfelld afturför, ekki aðeins í ferðaþjónustu heldur í atvinnuframboði, fjárfestingu og þjónustuuppbyggingu í fjölmörgum byggðakjörnum um allt land.

Rekstraraðilar í gistiþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins eru viðkvæmari fyrir aukinni skattbyrði en aðilar á suðvesturhorninu. Það liggur í hlutarins eðli að með samdrætti í rekstri dragast VSK tekjur ríkisins saman vegna samhliða samdráttar í vörum og þjónustu tengdri eiginlegum rekstri sem og annarri ferðaþjónustu. Nær sé að stjórnvöld horfi til stuðnings við greinina til að tryggja enn frekari verðmætasköpun hennar til framtíðar.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir að lögð skuli áhersla á aukna arðsemi ferðaþjónustu og dreifingu ferðamanna um allt land. SAF telja eins augljóst og verða má að tvöföldun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu gengur þvert á bæði þessi yfirlýstu markmið og verður ekki túlkuð á annan hátt en sem aðför að atvinnuuppbyggingu og fjárfestingu á landsbyggðinni.

Að lokum

Það er skýlaus krafa Samtaka ferðaþjónustunnar að áformaðar breytingar á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu í fjármálaáætlun 2018-2022 verði að fullu dregnar til baka.

Samtök ferðaþjónustunnar eru ávallt reiðubúin í uppbyggilegt samstarf um heildarsýn sem tryggt getur bæði rekstrarskilyrði ferðaþjónustunnar og hagfelldan ávinning ríkissjóðs til framtíðar samfélaginu í heild til heilla

Er framangreindu hér með komið á framfæri við fjárlaganefnd Alþingis. SAF áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Þá óska SAF eftir því að fá að koma á fund fjárlaganefndar við meðferð málsins.

F.h. Samtaka ferðaþjónustunnar



Helga Árnadóttir

Framkvæmdastjóri SAF